

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins lætur Póst- og símamálastofnun ársfjórðungslega í té skýrslu um þá elli- og örorkulífeyrisþega um land allt, sem óskertrar tekjutryggingar njóta, sbr. a-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, ennfremur þeirra er njóta makabóta.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 24 23. maí 1975, um breyting á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti, til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 426 7. desember 1978, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 14. maí 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

**um framfærsluaðstoð skv. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 47/1979
um aðstoð við þroskahefta.**

1. gr.

Greiðslur samkvæmt 15. gr. 2. mgr. taka einungis til framfærenda, sem hafa þroskahefta einstaklinga á heimilum, yngri en 16 ára.

2. gr.

Greiðslur samkvæmt 15. gr. 2. mgr. gilda einungis fyrir þroskahefta einstaklinga, á aldrinum 1 árs til 16 ára, sem einungis dveljast í heimahúsum.

Heimilt er þó að víkja frá lægri aldursmörkum ef sérstakar knýjandi ástæður eru fyrir hendi, sem réttlæta slíkar greiðslur vegna barna á 1. ári.

3. gr.

Framfærendur, sem njóta þjónustu dagvistunarstofnana, leikskóla, eða dagheimila, eiga ekki rétt á greiðslu samkvæmt 15. gr. 2. mgr. Sama gildir ef barnið sækir skóla og nýtur kennslu utan heimilis. Þó má víkja frá þessu ef um er að ræða mjög takmarkaða kennslu. Framfærendur eiga því aðeins rétt á aðstoð skv. 1. gr. rgl. þessarar að sannað sé fyrir svæðisstjórnum og ráðuneyti að þroskaheftur einstaklingur geti ekki notið dagvistunar, skólagöngu, leikskóla eða annarrar opinberrar þjónustu sem fyrir hendi er á svæðinu.

4. gr.

Umsóknir um aðstoð samkvæmt 15. gr. 2. mgr. skulu berast til svæðisstjórnar á því svæði, sem hlutaðeigandi umsækjandi á lögheimili.

5. gr.

Svæðisstjórn skal afla nákvæmra upplýsinga um andlegt og líkamlegt ástand barnsins svo og félagslegar aðstæður framfærenda.

Komist svæðisstjórn að þeirri niðurstöðu að umsækjandi eigi rétt á aðstoð, skal svæðisstjórn senda félagsmálaráðuneytinu (deild fyrir málefni þroskaheftra) umsóknina ásamt öðrum upplýsingum og meðmælum. Ef framfærendur njóta einhverrar opinberrar aðstoðar eða þjónustu vegna barnsins skulu upplýsingar fylgja um það.

Samþykki félagsmálaráðuneytið erindið hefst greiðsla framfærslukostnaðar 1. dag þess mánaðar sem svæðisstjórnin afgreiðir umsóknina.

6. gr.

Svæðisstjórn skal beita sér fyrir því að þroskaheftum börnum, sem eiga kost á þjálfun á dagvistunarheimilum eða skólum, sé ekki haldið heima í því skyni að forráðamenn fái fjárhagsaðstoð.

7. gr.

Svæðisstjórnir skulu fylgjast með börnum, sem aðstoðar njóta samkvæmt 15. gr. 2. mgr. og senda ráðuneytinu upplýsingar ef barnið vistast á stofnun. (Dagvistarstofnun, skóla, sólarhringsstofnunum eða annað).

Reglugerð þessi er sett skv. 31. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. maí 1982.

Svavar Gestsson.

Margrét Margeirsdóttir.

17. maí 1982.

Nr. 258.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykkt byggingarsamvinnufélags.

Samkvæmt V. kafla laga nr. 30 12. maí 1970 sbr. lög nr. 59 30. apríl 1973 hefur ráðuneytið þann 13. maí 1982 staðfest samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Varnarþing þess er í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

4. maí 1982.

Nr. 259.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Akraness.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. maí 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Akraness.

Uppdráttur þessi hefur fengið þá meðferð sem lög nr 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Akraness og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1982.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.